

Starfsemi félagsins 2023-2024.

Skýrsla stjórnar

NHS

NHS ákveðið var að hafa næstu tvo fundi rafrænt og voru þeir í nóvember og apríl á Teams.

+

Ferð til Stokkhólms, Sænska ríkissjónvarpið, textun efnis, tilskipun Evrópusambandsins um textun á öllu efni, sjónvarp sem og á internetinu, facebook, tiktok, intagram, youtube, auglýsingar osv.

NHS er 75 ára á þessu ári. . Ársfundur verður haldin í Færeyjum í September næst komandi.

Auk þess að vera með skrifstofuna opna fyrir félagsmenn og gesti einu sinni í viku á liðnu starfsári, hefur félagsmönnum og öðrum staðið til boða að bóka tíma á öðrum tíma.

Tölvuvert hefur verið um fyrirspurnir í gegnum Facebook eins og í gegnum tölvupósta.

Tekin var ákvörðun um að halda málþing undir yfirskriftinni Aðgengi að heyrn. Undirbúningur hofst s.l vor og var málþingið haldið í byrjun október á Nauthól.

Við leituðum víða eftir liðsinni og var okkur allstaðar vel tekið, ómetanlegt er að finna þann hlýhug sem félagið nýtur í samfélaginu.

Við vildum að raddir sem flestra hefðu vægi og að okkar mati tókst það vel.

Forseti Íslands Guðni Th Jóhannesson setti ráðstefnuna og frummælendur voru Jón Gnarr og Bubbi Morthens og Sigríður Matthildur sem er fyrst einstaklingurinn sem hefur fengið CI í bæði eyru.

Kristján Sverrisson forstjóri HTÍ fór yfir stöðu mála í málefnu heyrnarskertra og stöðu HTÍ.

Ingibjörg Hinrikssdóttir yfirlækir HTÍ flutti erindi

Það gerðu einnig þær nöfnur og heyrnarfræðingar Kristbjörg og Kristbjörg.

Ráðstefnan var vel sótt og ljóst að húsnaðið mátti ekki vera minna.

Því miður þá komst Guðmundur Ingi Guðbrandsson ekki, eins og fyrirhugað var vegna skyndilegrar uppstokkunar í ríkisstjórn, en áætlað var að hann yrði í panel.

Björn Þorláksson var fundarstjóri og gerði það með prýði.

Formaður fór í fimm útvarpsviðtöl, bæði vegna ráðstefnunar og eins vegna alvarlegrar stöðu sem HTÍ stóð frammi fyrir vegna fjárskorts og fyrirhugaðra uppsagna starfsfólks vegna þessa, sem hefði orðið til þess að þjónusta við okkar félagsmenn hefði orðið en lakari en hún er.

Stefnuleysi í málefnum er varðar heyrn er stjórn verulegt áhyggjuefni og hafa stjórnarmeðlimir verið duglegir að minna á málefnið m.a með blaðagreinum. Held það sé rétt hjá mér að fimm greinar hafi birst á prenti á s.l ári.

Mikill tími fór hjá formanni í vinnu við að aðstoða HTÍ vegna væntanlegrar fjárlaga og margir fundir vegna þess málefnis.

Félagið stóð fyrir rittúlkuðu stólajóga í vetur eins og áður, það hefði mátt vera betur sótt.

Stjórn Heyrnarhjálpur hefur verið öflugt í starfi ÖBÍ réttindasamtaka.

Formaður er varmaður í stjórn ÖBÍ.

Ingólfur Már Magnússon er varformaður í Aðgengishóp ÖBÍ.

Telma Sigtryggsdóttir er varformaður í Barnahóp ÖBÍ

Stefán Benediktsson er varmaður í Húsnæðishóp ÖBÍ.

Ingólfur Már er einnig í aðgengisnefnd Reykjavíkurborgar.

Þannig að ljóst er að þó félagið sé ekki stórt (þarf að stækka umtalsvert) þá hefur stjórn verið öflug.

Mér telst til að stjórnarfundir hafi verið 10 á liðnu ár.

Af tilefni að degi Heyrnar 3 mars s.l var Heyrnarhjálp með opið hús og bauð uppá vöfflukaffi og eins flutti Kristján Sverrisson erindi.

Ég vil nefna að það verður opið hús hér í Sigtúninu 13 júní næst komandi, tónlist, grill og ísbíll og vonandi sjáumst við sem flest og eigum góða stund saman.

Matthías Victorsson fv stjórnamaður Heyrnarhjálpur var svo liðlegur að taka sæti sem fulltrúi okkar í VDNR sem eru norræn samtök fólks með t.d CI og alvarlegri heyrnarskerðingu og flyt ég honum mikilar þakkir fyrir hans framlag.